
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 1999-05

Fundartími: Þriðjudagur 7. september 1999 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Raforkunotkun á fyrri helmingi ársins.
2. Endurreikningur raforkuspár, breyting forsendna.
3. Almennar forsendur orkuspáa.
4. Verkefni ársins 2000.
5. Vinna Afls fyrir hópinn.
6. Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Guðmundur Guðmundsson
Ívar Þorsteinsson
Ólafur Pálsson
Eymundur Sigurðsson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

1. JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrri helmingi ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 11,0% frá sama tíma á síðasta ári. Stórnotkun vex um 21,5%, almenn notkun vex um 0,8% og flutningstöpin minnka um 21%. Nú er eigin notkun LV greind í fyrsta skipti frá flutningstöpunum á þessu yfirliti og minnkar hún um 0,5%. JV sagði að ómæld notkun vegna framkvæmda væri ennþá inni í flutningstöpunum. Þegar einungis er litið á almenna forgangsorku vex hún mikið eða um 4,0% en almenna ótryggða orkan minnkar um 18,2%. Töpin hafa minnkað eins og von var á þar sem Búrfellslína 3 kom í rekstur undir lok síðasta árs og Nesjavellir hófu þá rekstur. Einnig hefði minni notkun á ótryggðri orku áhrif hér. JV dreifði þá töflu yfir almenna notkun leiðrétta út frá lofthita. Þar kemur fram að hitafar á fyrri helmingi ársins er kaldara en á síðasta ári en svipað og í meðalári. Aukningin minnkar við leiðréttingu og verður 0,2%. Aukning er 3,5% í forgangsorkunni en minnkun í ótryggðu orkunni um 19,3% (leiðrét). Minnkun í ótryggðri orku skýrist mest af skerðingu frá Landsvirkjun í janúar en einnig var minnkun í mars og apríl væntanlega vegna þess að loðnuvertíð gekk ekki eins vel og menn höfðu ætlað. Á síðasta ári var lítil aukning á fyrsta ársfjórðungi m.a. vegna sjómannaverkfalls og skýrir það væntanlega hluta aukningarinnar í janúar og febrúar.

JV sagðist hafa útbúið töflu fyrir aukningu hjá einstaka veitum eins og talað hefði verið um á síðasta fundi. Spurði hann hvort menn gerðu athugasemd við að slíkum töflum væri dreift á fundinum og komu engar athugasemdir við það. Þar kemur fram mikil aukning á höfuðborgarsvæðinu, nokkur aukning á Suðurnesjum en engin

aukning utan þeirra svæða sem er í samræmi við byggðapróun að undanfögnu.

2. JV sagði að endurreikningur á raforkuspánni væri komin nokkuð áleiðis og búið væri að útbúa bráðabirgðarspá fyrir Landsvirkjun til að nota við mat á horfum í vetur. Hann sagðist hafa rætt við EGG um stóriðjunotkun og hefði hann talið rétt að miða við að Áburðarverksmiðjan yrði áfram starfrækt næstu fimm árin og 10 MW aukningu hjá Ísal sem hæfist 1. apríl 1999 og væri 2 MW á þriggja mánaða fresti. Fundarmenn voru ekki með neinar frekari viðbætur nema ÍP minnti á samning um ótryggða orku hjá Þvottahúsi vestur á Granda en JV sagði að tekið hefði verið tillit til þeirrar notkunar við síðasta endurreikning.
3. JV sagði að búið væri að uppfæra mikið af almennu forsendunum en þó vantaði ennþá þjóðhagsspá, gögn um fiskveiðar, vinnumarkaðsskýrslu og ýmis gögn varðandi magnvísitölur atvinnugreina. Flest af þessu kæmi í þessum mánuði.
4. Rætt var um verkefni næsta árs og voru fundarmenn sammála um að vinna yrði með hefðbundnu sniði. ÍP nefndi hvort ekki væri rétt að fara að nýju ítarlega yfir húshitunarþáttinn þar sem útbreiðsla jarðvarma hefur stöðugt verið að aukast. JV benti á að Þorgils á Orkustofnun hefði undanfarin ár reynt að halda utanum þessar upplýsingar og hægt væri að byggja á þeim grunni.
5. JV sagði að um síðustu áramót hefði Landsvirkjun gert athugasemd við hæsta taxtann hjá Afli og hefðu þeir farið fram á að hann yrði lækkaður. Þetta hefði gert það að verkum að ekki væri fullt samræmi milli reikninga til allra fyrirtækjanna. Stór hluti vinnunnar fyrir raforkuhópinn er þó á lægri taxa og því hefur þetta einungis valdið lítilli skekkju. Þar sem EGG var ekki á fundinum var ákveðið að fresta þessu máli til næsta fundar en fundarmenn voru sammála að samræmi þyrfti að vera í reikningum milli fyrirtækjanna.
6. ÍP benti á að grein um raforkunotkun sem send var til Morgunblaðsins vegna umræðu í fjölmiðlum hefði birst seint og því ekki haft tilætluð áhrif. JV sagði að ástæða þessa hefði verið að greinin lenti á flækingi hjá Morgunblaðinu. Þeir hefðu fyrst verið í vafa um hvar ætti að birta hana og haft samband út af því. Síðan hefði hún verið send á fréttadeildina og þar gleymdist hún. Einnig sagðist JV hafa verið í fríi og því ekki fylgst eins vel með þessu og hann hefði ella gert.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:30. Næsti fundur ákveðinn 28. september 1999.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Raforkunotkun 1999, fyrri helmingur
ársins. (JV)

Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá
lofthita, fyrri helmingur ársins. (JV)

Raforkunotkun hjá einstaka veitum, fyrri
helmingur ársins. (JV)